



# Tækjatrýgging

Skilmáli E-50

Tækjatrýgging er fyrir aðila sem vilja kaupa tryggingu samhliða kaupum á nýju tæki. Tryggingin er í boði hjá söluaðilum tækja sem selja trygginguna aðeins á sama tíma og viðkomandi tæki er selt.

Almenn ákvæði 2. kafla skilmálans gilda um alla þætti tryggingarinnar.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmálum þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## 1. Kafli. Bótasvið og varúðarreglur

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir beint tjón á tryggðum tækjum af völdum:

- skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi, notkun eða geymslu.
- ráns eða innbrotspjófnaðar úr læstri hirslu, bifreið eða húsnæði, enda séu ótvíræð ummerki um innbrot.
- innri vélrænna bílana í tækjum.

### 2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- vegna þjófnaðar sem verður á annan hátt en tilgreindur er í 1. gr. b lið.
- vegna tjóna sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- vegna tjóna sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.
- vegna tjóna sem rekja má til eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds eða tjóna sem eingöngu valda útlitsgalla en rýra ekki notagildi tryggðra tækja.
- vegna tjóna sem rekja má til galla eða rangrar samsetningar.
- vegna skemmda eða taps á gögnum og/eða hugbúnaði.
- vegna tjóna sem stafa af vinnslu, uppsetningu, viðgerð eða viðhaldi.
- vegna tjóna sem framleiðandi, seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- vegna tjóna sem rekja má til þess að tryggt tæki er mislagt, gleymist eða týnist eða er skilið eftir á almannafæri.
- vegna óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu vöru.

### 3. gr. Varúðarreglur

- Læsa ber tryggilega heimili, bílum og öðrum stöðum þar sem verðmæti eru geymd þegar staðirnir eru mannlauisir eða heimilisfólk í svefni. Enn fremur ber að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- Gæta skal þess að hafa tryggð tæki meðferðis þegar staðir eru yfirgefnir og gæta þeirra þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.
- Fara skal að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald tækis.
- Tryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu þeirra muna sem eru tryggðir.
- Rafhlaupahjól þurfa að vera tryggilega læst við fastan hlut.

## 2. Kafli. Almenn ákvæði

- 4. gr. Hver er tryggður?**  
Tryggingin gildir gagnvart upprunalegum eiganda tækis og öðrum þeim sem síðar kunna að eignast tækið á löglegan hátt.
- 5. gr. Hvar gildir tryggingin?**  
Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
- 6. gr. Tryggingarfjárhæð**  
Tryggingarfjárhæð skal nema kaupverði tækis þegar það var keypt.
- 7. gr. Ákvörðun bóta**
- Tjónsbætur miðast við kaupverð tækis samkvæmt sölukvittun eða öðrum fullnægjandi gögnum um kaup.
  - Við altjón skulu bætur nema kaupverði tækis, enda sé það staðfest með fullnægjandi hætti.
  - Ef ekki er um altjón að ræða getur félagið annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist, þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón, að því marki sem það telst hagkvæmt að mati félagsins.
  - Ef félagið greiðir bætur í peningum eða útvegar sambærilegan hlut, áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess tækis sem skemmdist.
  - Minjagildi eða persónulegt gildi tækja bætist ekki.
  - Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Trygging skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.
  - Ef kaupverð liggur ekki fyrir eða ekki er unnt að staðfesta það, ákveður félagið bætur á grundvelli annarra fyrirliggjandi upplýsinga um verðmæti tækis.
- 8. gr. Uppsögn og endurgreiðsla iðgjalds**  
Verði tryggður fyrir altjóni og félagið afhendir annað sambærilegt tæki fellur tryggingin niður án endurgreiðslu iðgjalds. Kaupa verður nýja tryggingu fyrir nýja tækið.
- 9. gr. Upplýsingaskylda tryggingartaka**  
Félaginu er heimilt að skoða tryggð tæki og umbúnað þeirra telji það þörf á.
- 10. gr. Upphaf og lok tryggingarverndar tryggða**  
Tryggingin tekur til tjóna sem verða á tryggðu tæki innan þess tryggingartímabils sem tiltekið er í tryggingarskírteini.

Skilmálar þessir gilda frá 01.06.2026